

Miðvikudaginn 25. júní 1975.

Nr. 214/1974. Kyndill h/f og Jósafat Arngrímsson

(Áki Jakobsson hrl.)

gegn

Ólafi Ólafssyni (Jón E. Ragnarsson hrl.).

Dó m e n d u r :

hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörns-
son, Einar Arnalds, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Fjárnámsgerð staðfest.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjendur hafa áfrýjað máli þessu með stefnu 11. des-
ember 1974. Krefjast þeir þess, að hin áfrýjaða fjárnámsgerð
verði úr gildi felld og stefnda dæmt að greiða þeim máls-
kostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hinnar áfrýjuðu fjárnáms-
gerðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti óskipt úr hendi
áfrýjenda.

Kröfur sínar byggja áfrýjendur á því, að sátt sú, sem gerð
var 4. júní 1974 og er grundvöllur fjárnámsins, sé ógild og
óbindandi fyrir þá, þar sem lögmaður sá, sem sáttina gerði
af þeirra hendi, hafi skort umboð til sáttargerðarinnar.

Þegar hin áfrýjaða fjárnámsgerð fór fram, var sótt þing
af hendi áfrýjenda, en engin andmæli komu fram af þeirra
hendi gegn gildi sáttarinnar. Þar sem málsástæðu þessari var
ekki hreyft í fógetarétti, kemur hún ekki hér til álita, sbr.
45. gr. laga nr. 75/1973.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta hina áfrýjuðu fjárnáms-
gerð.

Eftir þessum málalokum ber að dæma áfrýjendur til að
greiða stefnda óskipt málskostnað fyrir Hæstarétti, sem
ákveðst 35.000 krónur.

D ó m s o r ð :

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð er staðfest.

Áfrýjendur, Kyndill h/f og Jósafat Arngrímsson, greiði

óskipt stefnda, Ólafi Ólafssyni, 35.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámsgerð fógetaréttar Keflavíkur 30. október 1974.

Ár 1974, miðvikudaginn 30. október, var fógetaréttur Keflavíkur settur að Vatnsnesvegi 33, Keflavík, og haldinn af fulltrúa bæjarfógeta Jóni G. Briem með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið: Fógetaréttarmálið nr. 206/1974: Ólafur Ólafsson gegn Kyndli h/f og Jósafat Arngrímssyni.

Af hálfu gerðarbeiðanda mætir í réttinum Róbert Árni Hreiðarsson vegna Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns og leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni og nr. 2 sátt bæjarþings Reykjavíkur, gerða 4. júní 1974, og krefst fjárnáms til tryggingar skuldinni, kr. 150.000 auk 1,5% mánaðarvaxta frá 3. apríl 1974 til greiðsludags, kr. 645 í stimpil- og afsagnarkostnað, kr. 27.000 í málskostnað og alls kostnaðar við gerð þessa og eftirfarandi uppboð, ef til kemur, að frádregnum kr. 12.000, sem greiddar voru 26. júlí.

Lögmaður gerðarþola, Áki Jakobsson hæstaréttarlögmaður, er mættur í réttinum og samþykkir fyrirtekt hér, og skoraði fógeti á hann að greiða umkrafða skuld, en hann kveðst ekki greiða/geta greitt.

Skoraði fógeti á mætta að benda á eignir gerðarþola til fjárnáms og brýndi fyrir honum að skýra rétt frá og að það varðaði hegningu að skýra rangt frá fyrir fógetaréttinum.

Mætti bendir á eftirtalda húseign til fjárnáms, 3. hæð fasteignarinnar að Hafnargötu 31, Keflavík. Lögmaður gerðarbeiðanda krefst þess, að gert verði fjárnám í lausafé fremur en fasteigninni. Lögmaður gerðarþola bendir þá á verslunarinnréttingar á 1. hæð að Hafnargötu 31, Keflavík. Fallið var frá virðingu.

Fógeti lýsti yfir því, að hann gerði fjárnám í framangreindum innréttingum til tryggingar framangreindum kröfum og alls kostnaðar, áfallins og áfallandi, að geymdum betri rétti þriðja manns.

Brýndi fógeti fyrir mætta að tilkynna gerðarþola gerðina og að ekki mætti ráðstafa hinu fjárnumda á nokkurn þann hátt, er í bága færi við gerð þessa, að viðlagðri refsíabyrgð að lögum.